



Alþingi
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. Þ 140/677
komudagur 6.12.2011

Fjarðabyggð, 06. desember 2011
Tilvísun 1111116/15.0

Umsögn Fjarðabyggðar um frumvarp til laga um breytingar á hafnarlögum - 66.þingmál

Á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar 5. desember 2011 var hafnarstjórn Fjarðabyggðar falið að veita fullnaðarumsögn um frumvarp til laga um breytingar á hafnarlögum – 66.þingmál.

Umsögn hafnarstjórnar er meðfylgjandi.


Gunnlaugur Sverrisson



HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. **P 140/631**

komudagur **5.12.2011**

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2011

1112001HA MKH/
Málalykill: 613

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum – 66. mál

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur borist erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. nóvember 2011, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til breytinga á hafnalögum, þingskj. 66 – 66. mál.

Stjórn hafnasambandsins tekur nú um stundir þátt í vinnu við endurskoðun á hafnalögum á vegum innanríkisráðuneytisins og er vonast til þess að frumvarp til breytinga á hafnalögum verði lagt fram á fyrri hluta árs 2012.

Stjórn hafnasambandsins hefur áður fjallað um frumvarp sama efnis, sem lagt var fram á 139. löggjafarþingi, og í umsögn stjórnarinnar sem send var með bréfi dags. 17. nóvember 2010 til samgöngunefndar Alþingis segir m.a.:

„Stjórn Hafnasambands Íslands leggst gegn því að bætt sé við almenn hafnalög sérstöku ákvæði varðandi einstakar hafnir. Standi vilji löggjafans til sérstakra aðgerða gagnvart Helguvíkurböfn er eðlilegra að gera það í sérlægum þar að lútandi, en bent er á að óskir um sams konar aðgerðir munu eflaust koma frá öðrum höfnum, sem kalla eftir fjárhagslegum úrbótum og aðstoð.“

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur ekki tekið afstöðu til einstakra verkefna hafna og ítrekar því umsögn sína frá 2010 um framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður HÍ

8.12.2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/727
komudagur 8.12.2011

Nefndasvið Alþingis

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar er haldinn var þann 7. desember sl., var svohljóðandi bókun, er varðar frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum 66. mál samþykkt.

Lagt fram minnisblað Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra, dagsett 5. desember sl., er varðar frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum og umsögn Ísafjarðarbæjar. Bæjarstjóri gerir tillögu að eftirfarandi svari, hvað varðar umsögn Ísafjarðarbæjar.

„Bæjarráð leggst gegn því að bætt sé við almenn hafnalög sérstöku ákvæði varðandi einstakar hafnir. Standi vilji löggjafans til sérstakra aðgerða gagnvart Helguvíkurhöfn, er eðlilegra að gera það í sér lögum þar að lútandi, en bent er á að óskir um sams konar aðgerðir munu eflaust koma frá öðrum höfnum, sem kalla eftir fjárhagslegum úrbótum og aðstoð.“

Bæjarráð samþykk samhljóða ofangreinda bókun.

Virðingarfyllt,
Þorleifur Pálsson,
bæjarritari Ísafjarðarbæjar.

Alþingi
Erindi nr. P 140/683
komudagur 7.12.2011



REYKJANESBÆR

reykjanessaer.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 1. desember 2011
Tilvísun: 2011110381

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003

Á fundi bæjarráðs Reykjanessbæjar þann 1. desember 2011 var til afgreiðslu erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 23. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar umfrumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, 66. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð Reykjanessbæjar fagnar framlögðu frumvarpi og gerir engar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins. Bæjarráð telur sanngjarnt og eðlilegt að ríkisvaldið komi að uppbyggingu Helgúvúkurhafnar líkt og það hefur gert hjá öllum öðrum stórskipahöfnum á landinu.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanessbæjar

Elisabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarsjóra

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
Póstfang 230

Sími: 421 6700
Bréfasími: 421 4667

reykjanessaer@reykjanessaer.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/708
komudagur 7.1022011



REYKJANESHÖFN

Reykjanesbær, 07.12. 2011.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, 66. mál.

Á fundi Atvinnu- og hafnaráðs Reykjanesbæjar, sem fer með stjórnun Reykjaneshafnar var samþykkt eftirfarandi bókun:

1.3. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, 66. mál.

Atvinnu- og hafnaráð Reykjanesbæjar fagnar framlögðu frumvarpi og gerir engar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins. Atvinnu- og hafnaráð telur sanngjarnt og eðlilegt að ríkisvaldið komi að uppbyggingu Helguvíkurfhafnar líkt og það hefur gert hjá öðrum stórskipahöfnum eins og Reyðarfjarðarhöfn.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjaneshafnar,

Pétur Jóhannsson, hafnarstjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 140/552
komudagur 30.11.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 30.11. 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til hafnalaga, Helguvíkurhöfn, 66. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja af heilum hug að frumvarp þetta verði að lögum. Með því er gert ráð fyrir að Helguvíkurhöfn falli undir ákvæði til bráðabirgða í hafnalögum nr. 61/2003 þar sem ríkissjóði er veitt heimild til að styðja framkvæmdir í höfnum.

Virðingarfyllt,

Árni Jóhannsson
Samtök iðnaðarsins

Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins